

REGLUR
fyrir Háskólann á Akureyri
nr. 387/2009 með breytingum nr. 494/2011 og nr. 1133/2011

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið og tengsl við önnur lög og reglur

Reglur þessar fyrir Háskólann á Akureyri eru settar af háskólaráði og gilda fyrir háskólann, þ.m.t. yfirstjórn, einstök fræðasvið og deildir sem og fyrir starfsfólk og nemendur.

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla og laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Reglur þessar teljast grundvallarreglur fyrir Háskólann á Akureyri. Þær eru til fyllingar settum lögum sem um skólann gilda en ganga frammar öðrum reglum settum af hálfu skólans.

II. KAFLI

Stjórnskipulag háskólans

2. gr.

Skipulagseiningar og yfirstjórn

Háskólinn á Akureyri er sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið en um stöðu og hlutverk háskólans fjallar í lögum.¹

Háskólaráð ákveður skipan skipulagseininga, hlutverk þeirra, mörk og verkaskiptingu, en sé um grundvallarbreytingar á skipan skólans að ræða ber að afla umsagnar háskólafundar.²

Háskólinn starfar sem einn skóli,³ sem skiptist í fræðasvið samkvæmt ákvörðun háskólaráðs en háskólaskrifstofa og svið hennar annast stoðþjónustu fyrir starfsemi skólans.

Fræðasvið samsvarar í þessum reglum því sem nefnt er deild í lögum um opinbera háskóla og í eldri reglum fyrir háskólann, en undireiningar fræðasviða nefnast hér deildir.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor, en til yfirstjórnar háskólans teljast auk þess framkvæmdastjóri, forsetar skóla hafi þeir verið ráðnir, sem og forsetar fræðasviða.

Vissar ákvarðanir af hálfu yfirstjórnar kunna eftir atvikum að verða teknar á vettvangi framkvæmdastjórnar eða háskólafundar.

Við málsmeðferð og ákvarðanatöku af hálfu skólans skulu þar til bærir starfsmenn hans jafnan gæta laga, góðra stjórnsýsluhátta, jafnræðis og annarra málefnalegra sjónarmiða.

¹⁾Sjá lög nr. 85/2008, 2.-3. gr. ²⁾Sjá lög nr. 85/2008, 4. og 11. gr. ³⁾Sjá lög nr. 85/2008, 2. mgr. 4. gr.

3. gr.

Háskólaráð

Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans nema mælt sé á annan veg í lögum, markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag, fer með almennt eftirlit og ber ábyrgð á að háskólinn starfi til samræmis við gildandi lög og reglur.

Rektor háskólans er jafnframt formaður háskólaráðs og boðar til funda í ráðinu og stýrir fundum þess, en um fundarboðun og ákvarðanatöku af hálfu ráðsins fjallar í lögum.⁴

Auk rektors eiga sæti í háskólaráði til tveggja ára í senn:

- a) Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins, tilnefndir af háskólafundi.
- b) Einn fulltrúi nemenda, tilnefndur af Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri.
- c) Einn fulltrúi tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra.
- d) Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim ofangreindu fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Tilnefna skal varamann fyrir sérhvern fulltrúa í lið a-c og einn varamann fyrir fulltrúa skv. lið d, með sama hætti, en staðgengill rektors er varamaður hans í háskólaráði og gegnir þá störfum formanns, stýrir og boðar til funda og fer með atkvæði formanns í fjarveru hans.

Þeir sem valdir eru sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð skulu, þegar tilnefning á sér stað, vera starfsmenn HA í fullu starfi, en kjörgengir eru þó ekki rektor, forsetar og varaforsetar skóla eða fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri og forstöðumenn sviða háskólaskrifstofu.

Tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins skal tekin á dagskrá háskólafundar skv. útsendu fundarboði. Samtímis því sem fundarboð er sent út a.m.k. þremur vikum fyrir fund skal auglýst eftir framboðum á vef skólans. Í fundarboði til háskólafundar skal jafnframt lýst eftir framboðum. Skulu framboð berast skrifstofu rektors a.m.k. viku fyrir boðaðan fund.

Háskólafundur kýs á milli þeirra sem eru í kjöri til að taka sæti sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði, en fulltrúar nemenda á háskólafundi hafa þó ekki atkvæðisrétt um það mál.

FSHA annast val á fulltrúa nemenda í háskólaráð og skal rektor f.h. háskólaráðs kalla eftir tilnefningu af þess hálfu a.m.k. þremur vikum áður en kjörtímabil nýrra fulltrúa hefst.

Háskólaráð getur sett frekari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda í háskólaráð, en skal rektor þá jafnan afla umsagnar háskólafundar og FSHA áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

Um skipan háskólaráðs og um hlutverk þess að öðru leyti fjallar í lögum.⁵

Háskólaráð tekur endanlega afstöðu til innritunarbeiðna nemenda sem ekki hafa lokið stúdentsprófi og annast staðfestingu á almanaki, námsskrám og kennsluskrám háskólans.

Háskólaráð setur reglur um framhaldsnám á meistarastigi og doktorsstigi við háskólann.

Færa skal til bókar og kunngera með viðeigandi hætti ákvarðanir háskólaráðs.

⁴⁾Sjá lög nr. 85/2008, 7. gr. ⁵⁾Sjá lög nr. 85/2008, 5.-6. gr.

4. gr.

Rektor

Rektor er æðsti yfirmaður stjórnslu háskólans og er í fyrirsvari fyrir skólann almennt en um hlutverk hans og heimildir fjallar í lögum.⁶

Rektor stýrir daglegri starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum hans. Hann ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum og annast um gerð starfs- og rekstraráætlana.

Forseti skóla ræður akademískt starfsfólk, en á meðan háskólinn starfar sem einn skóli annast rektor þær ráðningar, auk þess að ákvarða ráðningar annarra starfsmanna háskólans. Rektor skal ennfremur sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum eða kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eignum nema háskólaráð ákveði annað. Um stjórn sjóða fer að öðru leyti eftir fyrirmælum í stofnskrám og samþykktum.

Rektor boðar til funda eftir reglum háskólans og hefur umsjón með útgáfu ársskýrslu.

Staðgengill er rektor til aðstoðar og gegnir starfinu tímabundið í fjarveru eða forföllum

hans. Falli rektor frá eða láti af störfum áður en starfstími er liðinn sinnir staðgengill starfinu þar til nýr rektor hefur verið skipaður samkvæmt lögum og reglum um háskólann.

Rektor tilnefnir staðgengil úr hópi forseta skóla eða fræðasviða og tilkynnir háskólaráði.

⁶⁾Sjá lög nr. 85/2008, 8. gr.

5. gr.

Skipun rektors

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, en um skipun rektors við háskólann fjallar í lögum.⁷

Við val á rektor skal háskólaráð tilnefna þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda og skal einn þeirra tilnefndur sem formaður nefndarinnar.

Valnefndarmenn skulu hafa lokið æðri prófgráðu við háskóla og hafa auk þess marktæka stjórnunarreynslu á háskólastigi.

Hæfni umsækjenda um embætti rektors skal metin í ljósi heildarmats með tilliti til vísinda- og útgáfustarfa, ferli sem háskólakennara eða í öðrum störfum, stjórnunarreynslu og með tilliti til þess hversu menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors.

Engum má veita embætti rektors nema meirihluti valnefndar hafi látið í ljós það álit að viðkomandi teljist hæfur til að gegna starfinu.

Ef sitjandi rektor háskólans sækist eftir endurtilnefningu skal hann víkja af fundi háskólaráðs við afgreiðslu málsins.

Háskólaráð skal annast um auglýsingu á lausu starfi rektors og getur ráðið falið sitjandi rektor að annast framkvæmd þar að lútandi.

⁷⁾Sjá lög nr. 85/2008, 1. mgr. 8. gr.

6. gr.

Framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóri og háskólaskrifstofa

Í framkvæmdastjórn háskólans eiga sæti rektor háskólans sem er í forsæti, forsetar skóla hafi þeir verið ráðnir, framkvæmdastjóri háskólans sem og forsetar fræðasviða.

Framkvæmdastjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri háskólans og tryggir eftirfylgni ákvarðana háskólaráðs.

Í framkvæmdastjórn er eftir atvikum farið yfir fjármál, áætlanagerð, uppgjör og teknar ákvarðanir um samstarfssamninga, rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu.

Háskólaráð og fulltrúar í framkvæmdastjórn geta vísað málum til framkvæmdastjórnar.

Rektor skal ráða framkvæmdastjóra fyrir háskólann sem heyrir beint undir rektor.

Framkvæmdastjóri skal undirbúa árlega fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með því að rekstur háskólans sé til samræmis við gildandi heimildir hverju sinni.

Framkvæmdastjóri stýrir háskólaskrifstofu og annast fjárreiður háskólans, en skal hafa samvinnu við forseta einstakra skóla eða fræðasviða um skrifstofuhald og fjárreiður þeirra.

Undir háskólaskrifstofu heyrir almenn stjórnslá og stoðþjónusta við skóla og fræðasvið háskólans, sbr. ákvæði í IV. kafla þessara reglna.

Framkvæmdastjóri annast ráðningar starfsmanna háskólaskrifstofu í umboði rektors.

Nánar skal fjalla um stöðu, hlutverk og almenn starfsgengisskilyrði framkvæmdastjóra í sérstakri starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra háskólans.

7. gr.

Skólar og fræðasvið háskólans

Í háskólanum eru starfrækt eftirtalin fræðasvið sem hvert um sig annast kennslu og rannsóknir á þeim viðkomandi fræðasviðum sem menntamálaráðuneytið viðurkennir:

- a) Heilbrigðisvísindasvið
- b) Hug- og félagsvísindasvið
- c) Viðskipta- og raunvísindasvið

Skipulag háskólans í skóla, fræðasvið og mögulega aðrar skipulagseiningar skal ákvörðuð af háskólaráði, og þá eftir umsögn háskólafundar ef með þarf lögum samkvæmt.⁸

⁸⁾Sjá lög nr. 85/2008, 11. gr.

8. gr.

Gæðaráð

Við háskólann starfar gæðaráð sem ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis skólans. Í gæðaráði sitja rektor í forsæti, forsetar skóla og fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, auk tveggja fulltrúa sem Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri tilefnir og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna.

Háskólaráð skal setja nánari reglur um hlutverk og skipan gæðaráðs og um gæðastjóra.

9. gr.

Vísindaráð

Við háskólann skal starfrækt vísindaráð sem skal vera yfirstjórn til ráðgjafar um eflingu rannsókna en háskólaráð setur frekari reglur um hlutverk þess og skipan.⁹

⁹⁾Sjá reglur nr. 1208/2007

10. gr.

Siðanefnd

Siðanefnd háskólans skal vera yfirstjórn til ráðgjafar um gerð og túlkun siðareglna.

Háskólaráð skal setja háskólanum siðareglur m.t.t. áskilnaðar laga þar um.¹⁰

Um skipan siðanefndar fjallar í reglum skólans¹¹ en háskólaráð setur henni frekari reglur.

¹⁰⁾Sjá lög nr. 63/2006, 3. mgr. 2. gr.

¹¹⁾Sjá reglur nr. 757/2006.

11. gr.

Háskólafundur

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu háskólastarfsins, en um hlutverk og heimildir fundarins fjallar frekar í lögum,¹² og í reglum.

Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og stjórnunareininga hans og telst fundurinn ályktunarbær um þau mál sem háskólaráð ákveður að vísa til hans nema lög mæli á annan veg.

Á háskólafundum eiga eftirfarandi fulltrúar rétt til setu:

- a) Rektor, forsetar skóla séu þeir ráðnir, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri og forstöðumenn sviða háskólaskrifstofu, en til vara eru staðgenglar þeirra.
- b) Úr hópi fastra kennara tilnefna fræðasvið skólans hvert um sig fimm fulltrúa, talsmaður Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við HA tilnefnir einn, stjórn Félags háskólakennara á Akureyri tilnefnir einn, starfsmenn við stjórnslu háskólans

tilnefna tvo og skulu þeir allir, auk varamanna, tilnefndir eftir kosningu, ýmist á meðal viðkomandi starfsmanna á fræðasviði, meðal viðkomandi félagsmanna, og meðal starfsfólks við stjórnslu, til tveggja ára í senn.

d) Nemendur háskólans tilnefna eftir kosningu á vettvangi FSHA sex fulltrúa, og jafn marga til vara, til setu á háskólafundi til eins árs í senn, en háskólaráð getur þó ákveðið hverju sinni að þeir fulltrúar verði ýmist fleiri eða færri m.t.t. áskilnaðar laga þar um.¹³

Þegar kjör og tilnefning fulltrúa skv. þessari grein er undirbúin skal fylgt ákvæðum í jafnréttisáætlun háskólans um jafna aðild kynjanna að nefndum, stjórnnum og ráðum.

Fulltrúar í háskólaráði hafa sem slíkir seturétt á háskólafundi en ekki atkvæðisrétt.

Háskólafund skal halda a.m.k. einu sinni á ári, en rektor stýrir fundi og boðar til hans.

Niðurstöður ályktana af hálfu háskólafundar skulu kynntar á vettvangi háskólans.

Háskólaráð skal setja frekari reglur um hlutverk og skipan háskólafundar.¹⁴

¹²⁾ Sjá lög nr. 85/2008, 9. gr. ¹³⁾ Sjá lög nr. 85/2008, 2. mgr. 10. gr. ¹⁴⁾ Sjá reglur nr. 1157/2007.

III. KAFLI

Skólar, fræðasvið og akademískir starfsmenn

12. gr.

Skólar

Skólar eru megineiningar háskóla, en grunneiningar háskólans nefnast fræðasvið.

Háskólinn skal starfa sem einn skóli sem skiptist í þrjú fræðasvið nema háskólaráð ákveði annað.

Starfi háskólinn sem einn skóli skal ekki starfrækt sérstakt skólaráð, haldinn skólafundur eða ráðinn forseti skóla, en háskólaráð, deildaráð, deildafundir og forsetar fræðasviða skulu þá eftir atvikum gegna þeirra lögmæltu hlutverkum¹⁵ skv. ákvörðunum háskólaráðs þar um.

¹⁵⁾ Sjá lög nr. 85/2008, 11.-14. gr.

13. gr.

Fræðasvið skólans

Með yfirstjórn fræðasviða skólans fara deildafundir á hverju fræðasviði og formaður er nefnist forseti fræðasviðs, en einnig deildaráð fræðasviðs ef deildafundur ákveður að skipa það.

Starfrækja má deildir innan fræðasviða og brautir innan deilda, en forseti fræðasviðs sér um að deildafundur setji fræðasviði reglur um stjórnskipulag er taka gildi við staðfestingu háskólaráðs.

14. gr.

Forsetar fræðasviða

Forseti fræðasviðs hefur í umboði deildafundar fræðasviðs yfirumsjón með starfsemi og rekstri viðkomandi fræðasviðs og vinnur að stefnumörkun í málefnum þess.

Á meðal helstu verkefna forseta fræðasviðs eru:

- a) Yfirumsjón með kennslu og námskráargerð fræðasviðs.
- b) Umsjón með málum sem snerta rannsóknir á fræðasviði.
- c) Annast fundarboð til fulltrúa á deildafundi fræðasviðs og fundarstjórnun á þeim.
- d) Gerð fjárhagsáætlana fræðasviðs í samvinnu við framkvæmdastjóra skólans.
- e) Frumkvæði að samstarfi við önnur fræðasvið skólans.
- f) Frumkvæði að því að deildafundur fræðasviðs setji reglur um innri málefni þess.
- g) Ábyrgð á framkvæmd gæðastjórnunar í starfsemi fræðasviðsins.

Forseti fræðasviðs skal jafnframt vera formaður deildaráðs fræðasviðs ef deildafundur þess tekur ákvörðun um skipun slíks ráðs.

15. gr.

Ráðning forseta fræðasviða

Rektor ræður forseta fræðasviðs til tveggja ára í senn að fenginni umsögn viðkomandi fræðasviðs og að höfðu samráði við háskólaráð.

Umsækjendur um stöðu forseta fræðasviðs skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar,¹⁶ og það á vettvangi þeirra fræða sem annað hvort eru kennd á viðkomandi fræðasviði skólans eða tengjast mjög náið helstu viðfangsefnum þess.

Dómnefnd metur hæfni umsækjenda um stöðu forseta fræðasviðs með líkum hætti og hún metur hæfni umsækjenda um stöður háskólakennara, en þó skal einnig sérstaklega litið til starfsferils, starfsreynslu, stjórnunarreynslu og menntunar umsækjenda m.t.t. eðlis starfsins.

Ef sitjandi forseti fræðasviðs er á meðal umsækjenda um stöðuna skal hann víkja af deildafundi þegar umsögn er veitt um umsækjendur en staðgengill stýrir þá fundinum.

Deildafundur kýs staðgengil forseta fræðasviðs til tveggja ára í senn og gegnir sá starfinu þegar um tímabundna fjarveru eða forföll forseta fræðasviðs er að ræða og jafnframt þegar forseti fræðasviðsins telst vanhæfur til að koma að meðferð mála er koma til kasta þess.

¹⁶⁾*Sjá lög nr. 63/2006, VI. kafli.*

16. gr.

Deildafundur fræðasviðs

Deildafundur fræðasviðs fer með æðsta ákvörðunarvald innan hvers fræðasviðs skólans.

Deildafundur fjallar um meginatriði í starfsemi viðkomandi fræðasviðs og ber ásamt með forseta fræðasviðsins ábyrgð á að starfsemi fræðasviðsins sé til samræmis við lög og reglur.

Á meðal helstu verkefna sem heyra undir deildafund fræðasviðs eru:

- a) Aðkoma að mótun stefnu varðandi nám og rannsóknir á fræðasviði.
- b) Að skera úr málum sem varða skipulag kennslu innan fræðasviðs.
- c) Umfjöllun um árlega fjárhagsáætlun fræðasviðs.
- d) Umfjöllun um málefni einstakra nemenda fræðasviðs.
- e) Tillögur til háskólaráðs um stofnun og niðurlagningu deilda eða námsbrauta fræðasviðs.
- f) Að setja fræðasviði frekari reglur og skipulag eftir því sem við á um innri málefni.
- g) Að sinna öðrum verkefnum sem fræðasviði er falið að sinna af háskólaráði, rektor eða skóla.

Á fundum fræðasviðs eiga eftirtaldir fulltrúar rétt til setu og til að fara með atkvæðisrétt:

- a) Forseti fræðasviðs, sem og prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar ráðnir til starfa hjá viðkomandi fræðasviði, óháð starfshlutfalli.
- b) Starfsmenn samstarfsstofnana fræðasviðs sem teljast hafa stjórnunar-, rannsókn- eða kennsluskyldu við skólann og verkefnisstjórar og sérfræðingar ráðnir til starfa hjá viðkomandi fræðasviði.
- c) Einn fulltrúi stundakennara úr hverri deild innan fræðasviðs, tilnefndir úr þeirra hópi til eins árs í senn.
- d) Einn fulltrúi nemenda úr hverri deild innan fræðasviðs, tilnefndir af hálfu viðkomandi nemendafélags til eins árs í senn.

- e) Fræðasvið getur sett nánari reglur um tilhögun á vali fulltrúa skv. liðum c og d.
f) Rektor, forseta skóla, framkvæmdastjóra og gæðastjóra er heimilt að sitja deildafundi fræðasviðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en fara þar ekki með atkvæðisrétt.

Deildafundur fræðasviðs skal að jafnaði haldin mánaðarlega þar sem ekki er starfandi deildaráð fræðasviðs, en ella eigi sjaldnar en einu sinni á misseri og skal forseti fræðasviðs gera áætlun um deildafundi skólaársins og kynna hana fyrir þeim sem eiga þar rétt til setu.

Skylt er að boða til deildafundar fræðasviðs ef rektor, forseti skóla eða þriðjungur fulltrúa sem eiga rétt til setu á deildafundi æskja þess.

Forseti fræðasviðs boðar fulltrúa með rétt til setu á deildafundi þess til fundarins bréflega, helst með þriggja daga fyrirvara ef unnt er, en fundarefni á dagskrá skal greina í fundarboði.

Deildafundur fræðasviðs er ályktunarbær ef hann sækir 50% atkvæðisbærra fulltrúa úr hópi þeirra sem eru í fullu starfi á viðkomandi fræðasviði. Afl meirihluta atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og sker þá atkvæði forseta fræðasviðsins úr. Ákvarðanir deildafunda skulu færðar til bókar.

Deildafundur setur reglur um innra skipulag fræðasviðs er fjalla m.a. um hlutverk deildar- og námsbrautarfunda og um kjör, kjörtímabil og hlutverk deildarformanna og brautarstjóra.

Deildafundi er heimilt að setja á fót námsnefndir sem fjalla um og gera tillögur um námsskrá, námsskipan og námsgreinar fyrir tilteknar deildir fræðasviðs. Sé ekki stofnað til námsnefnda skulu deildarfundir eða kennarafundir námsbrauta fara með það hlutverk.

Háskólaráð getur að tillögu deildafundar og að uppfylltum skilyrðum laga¹⁷ veitt fræðasviði heimild til að starfrækja framhaldsnám á meistara- eða doktorsstigi á fræðasviðum þess.

Fræðasvið getur að uppfylltum skilyrðum laga veitt doktorsnafnbót í heiðursskyni að fengnu samþykki $\frac{3}{4}$ atkvæðisbærra fulltrúa á deildafundi og að fenginni staðfestingu háskólaráðs.

¹⁷⁾ Sjá lög nr. 63/2006, II-III. kafli.

17. gr.

Deildaráð fræðasviðs

Deildafundur fræðasviðs getur tekið ákvörðun um að deildaráð þess skuli fara með viss málefni fræðasviðsins.

Deildafundur setur reglur um skipan deildaráðs fyrir fræðasviðið en þar skulu a.m.k. eiga sæti auk forseta fræðasviðs og staðgengils hans deildarformenn og brautarstjórar auk eins fulltrúa af hálfu nemenda á viðkomandi fræðasviði sem skal tilnefndur af hlutaðeigandi félögum þeirra.

Þar sem deildaráð starfar innan fræðasviðs skal það fjalla um erindi er varða mál einstakra nemenda.

Deildaráð fræðasviðs tekur ákvarðanir með sama hætti og deildafundur, en ákvörðunum þess er hægt að skjóta til deildafundar innan þriggja vikna frá því að hún var kynnt viðkomandi.

Deildafundur fræðasviðs getur sett nánari reglur um vald og verksvið deildaráðs þess.

18. gr.

Akademískir starfsmenn

Fastir kennarar háskólans eru ýmist prófessorar, dósentar eða lektorar.

Einnig starfa aðjúnktar, verkefnisstjórar, sérfræðingar og stundakennarar við háskólann.

Um hlutverk og ábyrgð akademískra starfsmanna fjallar í lögum,¹⁸ en háskólaráð getur að fenginni umsögn skóla eða fræðasviða sett nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur þeirra.

¹⁸⁾ Sjá lög nr. 85/2008, 15. gr.

19. gr.

Veiting akademískra starfa

Starfi háskólinn í einum skóla ræður rektor í akademísk störf, en ella forseti viðkomandi skóla, en um veitingu akademískra starfa við háskólann fjallar almennt í lögum.¹⁹

Þá eina má ráða sem fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein eða tengdri grein þeirri sem þeir eiga að sinna.

Umsækjendur um stöður prófessora, dósentar og lektora skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísinda- eða fræðastörf sín, ritsmíðar, rannsóknir, kennslustörf, stjórnunarstörf, námsferil og önnur störf.

Um skipun og störf dómnefndar um mat á umsóknum um stöður prófessora, dósentar og lektora og um framgang akademískra starfsmanna fjallar í lögum,²⁰ og ennfremur í reglum sem háskólaráð setur á grundvelli þeirra að fenginni umsögn háskólafundar.²¹

Sé auglýst staða prófessors, dósentar eða lektors og fleiri en einn umsækjandi hljóta hæfnisdóm skal leita umsagnar viðkomandi skóla eða fræðasviðs áður en ráðið er.

Forseti skóla eða ella rektor ákvarða í samráði við forseta fræðasviðs hvernig starfsskyldur einstakra akademískra starfsmanna skiptast á milli kennslu og annarra starfsþátta innan marka kjarasamninga og með tilliti til laga og reglna um starfsskyldur og réttindi kennara.

¹⁹⁾ Sjá lög nr. 85/2008, 17. gr.

²⁰⁾ Sjá lög nr. 85/2008, 16. gr.

²¹⁾ Sjá reglur nr. 1207/2007

20. gr.

Rannsóknarmisseri

Háskólaráði er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans rannsóknarmisseri í allt að eitt ár á föstum launum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um það hvernig umsækjandi hyggst verja þeim tíma til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum á meðan á því stendur.

Eftir því sem fjárlög heimila og kjarasamningar gera ráð fyrir getur háskólaráð veitt einstaklingi í rannsóknarmisseri styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði sem kemur til í sambandi við það.

Háskólaráð skal setja nánari reglur um rannsóknarmisseri og styrkveitingar.²²

²²⁾ Sjá reglur nr. 157/2008

IV. KAFLI

Háskólaskrifstofa

21. gr.

Svið háskólaskrifstofu

Háskólaskrifstofa og starfsmenn hennar annast almenna stjórnsýslu og stoðþjónustu fyrir háskólann, skóla hans og fræðasvið, en skrifstofan skiptist upp í eftirtalin svið:

- a) Fjármála-, starfsmanna og rekstrarsvið
- b) Kennslusvið
- c) Markaðs- og kynningarsvið
- d) Upplýsingasvið
- e) RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð

Framkvæmdastjóri sem starfar í umboði rektors stýrir háskólaskrifstofu en undir framkvæmdastjóra heyra forstöðumenn hver á sínu sviði auk annars starfsfólks.

Framkvæmdastjóri skal funda reglulega með forstöðumönnum sviða háskólaskrifstofu.

22. gr.

Fjármála-, starfsmanna og rekstrarsvið

Fjármála-, starfsmanna og rekstrarsvið sinnir bókhaldi og launamálum, því sem lýtur að fasteignum skólans eða umsýslu vegna fasteigna sem tengjast skólastarfinu, auk reksturs á tölvukerfi og þjónustuveri háskólans.

23. gr.

Kennslusvið

Kennslusvið sinnir neðangreindum rekstrarþáttum og þjónustu:

- a) Almennri afgreiðslu og nemendaskrá
- b) Skrifstofuhaldi fyrir fræðasvið háskólans
- c) Prófstjórn
- d) Námsráðgjöf
- e) Alþjóðasamskiptum
- f) Fjarkennslu

24. gr.

Markaðs- og kynningarsvið

Markaðs- og kynningarsvið sér einkum um markaðsmál og kynningarstarf skólans en kemur einnig að verkefnum í tengslum við almannatengsl og ráðstefnuhald. Markaðs- og kynningarsvið hefur ennfremur yfirumsjón með vef háskólans.

25. gr.

Upplýsingasvið

Upplýsingasvið annast m.a. um rekstur bóksafns skólans en um er að ræða rannsókn- og sérfræðibókasafn. Upplýsingasvið sinnir auk þess sérsöfnum á vegum háskólans, þ.m.t. listasafni og steinasafni skólans.

26. gr.

RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð

Innan vébanda háskólans er starfrækt RHA – Rannsókn- og þróunarmiðstöð.

RHA sinnir stjórnarsýslu, þjónustu og ráðgjöf í tengslum við rannsóknir í skólanum með það að markmiði að efla rannsóknastarfsemi skólans og styrkja tengsl við atvinnulífið.

RHA annast auk þess um útgáfumál háskólans.

RHA er m.a. heimilt að stunda þjónusturannsóknir en með því er átt við rannsóknir sem unnar eru fyrir eða í tengslum við aðila utan háskólans gegn endurgjaldi.

RHA heyrir undir háskólaskrifstofu en háskólaráð setur nánari reglur um starfsemina.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við RHA auk þess sem kennarar skólans

geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu RHA. Háskólaráð skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á þeim rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

V. KAFLI

Nemendur, kennsla og námsmat

27. gr.

Nám og kennsla innan fræðasviða háskólans

Fræðasvið háskólans bera akademíska ábyrgð á rannsóknnum, kennslu, kennslufyrirkomulagi og á veitingu námsgráða við skólann.

Forsetar skóla eða rektor skulu hlutast til um að skólinn eða einstök fræðasvið hans setji sér almennar reglur um kennslu og kennsluhætti sem háskólaráð staðfestir.

Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem eru metin til eininga, en fullt nám á námsári skal almennt samsvara 60 námseiningum (ECTS) og endurspeglar þá alla námsvinnu nemanda, en háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga.

Fræðasviðum er heimilt að setja nemendum skilyrði um að ljúka beri námi á tilteknu námsári áður en hefja megi nám á næsta námsári í námi og skal þá tilkynnt um slíkt fyrirkomulag.

Hámarkstími í tilteknu námi við skólann skal vera 50% umfram áætlaðan námstíma, en deildafundur fræðasviðs getur þó veitt undanþágur frá þeim áskilnaði í sérstökum tilvikum.

Fræðasvið geta sett sér frekari reglur um námsframvindu í samvinnu við kennslusvið.

28. gr.

Háskólaárið

Háskólaárið telst vera frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta árs.

Kennsluárið skiptist í tvö kennslumisseri, þ.e. haustmisseri og vormisseri og skal haustmisseri lokið í síðasta lagi 21. desember og vormisseri hefjast í fyrsta lagi 3. janúar.

Almennt skal kennsla ekki fara fram miðvikudag fyrir skírdag og þriðjudag eftir annan í páskum né 1. desember, á helgidögum þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum fríðögum.

Háskólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

Háskólaráð staðfestir með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í febrúar ár hvert almanak háskólans fyrir komandi skólaár.

29. gr.

Nám- og kennsluskrá

Háskólaráð staðfestir með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í febrúar ár hvert námskrá fyrir verðandi nýnema sem gildir fyrir nemendur sem innritast það námsár og stunda nám með eðlilegri námsframvindu.

Kennslusvið annast gerð námskrár að fenginni staðfestingu fræðasviða og skulu í henni vera skráð nöfn og númer allra námskeiða, stutt lýsing á efni hvers námskeiðs fyrir sig ásamt skilgreiningum á þekkingu og hæfni sem nemendum er ætlað að búa yfir við lok námskeiðs og jafnframt eftir atvikum kröfur um undanfara og meginþættir námsmats.

Hver skóli semur og birtir kennsluskrá, en árlega skal birta kennsluskrá fyrir háskólann í heild. Í kennsluskrá skal birt yfirlit yfir námskeið sem kennd eru á viðkomandi skólaári samkvæmt gildandi námskrám. Auk upplýsinga sem fram koma um einstök námskeið í

námskrám skal kennsluskrá jafnframt tilgreina frekari upplýsingar um umsjónarkennara, námsmat og lesefni í viðkomandi námskeiði sem og á hvaða tungumáli það er kennt.

30. gr.

Nemendur - innritun í háskólann

Hver sá er lokið hefur stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða jafngildu prófi getur sótt um að skrá sig til náms við skólann gegn því að greiða skrásetningargjald.

Háskólanum er þó lögum samkvæmt heimilt að leyfa innritun annarra nemenda að uppfylltum skilyrðum²³ og að því gefnu að af hálfu skóla eða fræðasviðs sé enn fremur talið að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning nemanda til þess náms sem um ræðir, en háskólaráð setur að fenginni tillögu skóla eða fræðasviða eftir því sem við á frekari reglur um þau viðmið.

Rektor eða forsetar skóla í umboði hans bera ábyrgð á innritun nemenda í skólann en inntaka nemenda er þó endanlega á valdsviði háskólaráðs sem getur einnig takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám eftir frekari reglum sem það kann að setja, sbr. áskilnað laga þar um.²⁴

Háskólaráð skal að fengnum tillögum fræðasviða staðfesta reglur um skráningu nemenda á einstökum fræðasviðum þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði á viðkomandi fræðasviði.

Skráning nýnema fer að jafnaði fram í maí, en skráning annarra fer fram 1.-30. apríl, ár hvert. Skráningu nema sem æskja flutnings frá erlendum háskólum skal lokið fyrir 1. maí.

Beiðni um skráningu nýnema skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit stúdentsprófskírteinis og önnur skilríki sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu viðkomandi fræðasviðs.

Ár hvert skal háskólaráð ákveða skrásetningargjald í samræmi við lög um háskólann. Skrásetningargjald nær til heils skólaárs en þeir nemendur sem fá heimild til þess að hefja nám á vormisseri greiða þá helming skrásetningargjaldsins.

Námskeið á vegum háskólans eru ætluð fyrir nemendur skráða í skólann. Þau standa þó öðrum opin með samþykki umsjónarkennara eða eftir nánari reglum sem háskólaráð setur.

Nemendur hafa ekki rétt til þess að gangast undir próf nema þeir uppfylli skilyrði um inntöku í skólann, hafi greitt skrásetningargjald og séu skráðir í viðkomandi námskeið.

Háskólaráð skal að fenginni umsögn frá FSHA setja reglur um réttindi og skyldur nemenda innan háskólans, þ.m.t. um málsskotsrétt þeirra innan háskólans.

Rektor eða forseti skóla getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla tímabundið eða að fullu gerist nemandinn brotlegur við reglur skólans, en um skilyrði, málsmeðferð og þ.m.t. málsskotsrétt nemenda þar að lútandi fjallar í lögum.²⁵

²³⁾ *Sjá lög nr. 85/2008, 18. gr.* ²⁴⁾ *Sjá lög nr. 85/2008, 4. mgr. 18. gr.* ²⁵⁾ *Sjá lög nr. 85/2008, 19. gr.*

31. gr.

Námsvist-verknám

Fræðasviðum er heimilt að setja reglur um skyldu nemenda þeirra til þátttöku í verklegum æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun.

32. gr.

Námsmat

Um fyrirkomulag í tengslum við próf eða annað námsmat í skólanum fjallar í lögum og í námsmatsreglum fyrir háskólann sem háskólaráð setur.²⁶

²⁶⁾ Sjá lög nr. 85/2008 21. gr. og reglur nr. 868/2004, 868/2005 og 451/2008

33. gr.

Prófgráður

Um prófgráður og akademíska titla sem háskólanum er heimilt að veita fjallar í lögum,²⁷ en háskólaráð skal setja frekari reglur um prófgráður og um viðmiðanir um mat á námi frá öðrum háskólum eftir umsögn frá hlutaðeigandi skólum eða fræðasviðum háskólans.

²⁷⁾ Sjá lög nr. 63/2006, III kafli og lög nr. 85/2008, 22.-23. gr.

VI. KAFLI

Almennt varðandi starfsemi háskólans

34. gr.

Samvinna innan háskólans og samstarf við aðra háskóla og samstarfsstofnanir

Skólar og fræðasvið skulu hafa náið samstarf en með samnýtingu mannafla, bókasafns, tækja og aðstöðu skal stefnt að fjölbreyttu námsframboði samfara hagkvæmni í rekstri og má í því skyni nýta starfsskyldu starfsfólks í þágu annarra fræðasviða eða skóla innan háskólans almennt.

Háskólinn og einstakir skólar hans og fræðasvið skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunarkostum.

Leita ber samkomulags við samstarfsaðila um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta auk þess sem skólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks.

Í samstarfssamningum er heimilt að kveða á um að starfsmenn samstarfsstofnana sem hafa kennsluskyldu við skólann en gegna rannsóknaskyldu sinni við samstarfsstofnun, eigi rétt á, eða sé skylt, að dómnefnd meti hæfi þeirra til að gegna þar stöðu lektors-, dósentseða prófessors. Njóta þeir þá sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektorar, dósentar eða prófessorar eftir því sem við á þótt ráðning sé við aðra stofnun, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglur og kjarasamninga er gilda fyrir samstarfsstofnunina.

Háskólaráð getur sett framgangsreglur fyrir þá starfsmenn samstarfsstofnana sem hafa kennsluskyldu við skólann og í samræmi við framgangsreglur fyrir kennara við skólann.

35. gr.

Tengsl við almenning og endurmenntun

Háskólinn og þar með talið skólar, fræðasvið og stofnanir innan vébanda hans skulu leitast við að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

Háskólinn getur sinnt símenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann og skulu kennarar hans m.a. hvattir til símenntunar og rannsóknarþjálfunar.

36. gr.

Gæðaeftirlit

Í háskólanum skal fara fram reglulegt sjálfsmat á innra starfi auk ytra mats með stöðugar umbætur í huga til samræmis við áskilnað laga þar um.²⁸

Gæðastjóri hefur með höndum daglega umsjón með gæðakerfi háskólans en rektor ber þó endanlega ábyrgð á því að höfðu samráði við gæðaráð.

Háskólaráð skal setja frekari reglur um gæðastjórnun og gæðaráð.

²⁸⁾ *Sjá lög nr. 63/2006, IV. kafla*

37. gr.

Fjárhagsmálefni

Um fjárhagsmálefni háskólans og gjaldtökuheimildir fjallar í lögum.²⁹

²⁹⁾ *Sjá lög nr. 85/2008, 24.-26. gr.*

38. gr.

Ársfundur háskólans

Ár hvert skal rektor boða til opins ársfundar þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt og skal rektor tilkynna um fundinn með a.m.k. viku fyrirvara.

39. gr.

Ársskýrsla háskólans

Rektor hefur umsjón með að ársskýrsla háskólans komi út fyrir hvert almanaksár. Í ársskýrslu skal fjallað um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði, ráðstöfun fjármuna skólans, um framtíðarsýn og horfur og um málefni nemenda almennt.

VII. KAFLI

Gildistaka, o.fl.

40. gr.

Gildistaka- endurskoðun

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni umsögn af hálfu háskólafundar, FSHA og með staðfestingu þeirra af hálfu háskólaráðs Háskólans á Akureyri, en samtímis falla þá úr gildi reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007.

Rektor skal hlutast til um að reglurnar verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda og kynntar á opinberri vefsíðu háskólans, líkt og aðrar reglur sem settar eru af hálfu háskólaráðs.

Háskólaráð endurskoðar reglur þessar eftir þörfum og sæta þær breytingum af hálfu þess með venjulegum hætti, en þó að teknu tilliti til áskilnaðar laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

41. gr.

Ákvæði til bráðbirgða

Fræðasvið skólans samkvæmt þessum reglum skulu taka til starfa 1. ágúst 2009, en fram til þess tíma kallast fræðasviðin áfram deildir og forsetar þeirra deildarforsetar, en starfa þó að öðru leyti alfarið eftir þeim reglum sem lýst er hér að framansögðu varðandi fræðasvið.

Reglur nr. 387/2009 samþykktar í háskólaráði 1. apríl 2009.
Breytingar nr. 494/2011 samþykktar í háskólaráði 13. apríl 2011.
Breytingar nr. 1133 samþykktar í háskólaráði 28. október 2011.